

## **Minnisblað fyrir starfshóp um endurskoðun frístundaheimila, frístundastyrkja og fyrirkomulags niðurgreiðslna og gjalda um yfirfærslu þjónustu frístundaheimila milli sviða hjá Reykjavíkurborg. Kostir og gallar.**

Tómstundaskrifstofu var falið að taka saman minnisblað um yfirfærslu þjónustu frístundaheimila milli sviða hjá Reykjavíkurborg og greina helstu kosti og galla þess að flytja þjónustuna milli sviða. Rýnt var í gögn og talað við starfsmenn sem tóku þátt í yfirfærslunni.

Til viðbótar er tafla sem sýnir mun á aðferðum við mat á stuðningsþörf barna í Hafnarfirði og Reykjavík. Að lokum eru glærur um akstur barna úr frístundaheimilum í önnur frístundatilboð í Reykjavík.

### **Efnisyfirlit**

Aðdragandi.....	1
Mat á stofnun skóla- og frístundasviðs .....	2
Viðhorf starfsmanna ÍTR .....	2
Kostir og gallar.....	4
Mat á stuðningsþörf barna með sérþarfir í Reykjavík og Hafnarfirði....	5
Frístundaakstur .....	6
Samantekt.....	7
Heimildir .....	7

### **Aðdragandi**

Árið 2010 var skipaður starfshópur hjá Reykjavíkurborg til „að greina tækifæri í hverfum borgarinnar til endurskipulagningar á rekstri leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila með faglegan og fjárhagslegan ávinning í huga“.

Hópurinn leit svo á að allt umhverfi barna og unglunga væri eitt lærdómssamfélag, þar sem skilningur og virðing fyrir velferð barna og þörfum fjölskyldna væri ríkjandi. Hópurinn starfaði undir merkjum heildstæðs skóladags, samþættingar skóla- og frístundastarfs og samstarfs á milli skólastiga.

Niðurstaða hópsins var að skipta ÍTR upp, færa frístundaheimili og félagsmiðstöðvar yfir í nýtt svið; Skóla- og frístundasvið saman við þáverandi mennta- og leikskólasvið sem voru lögð niður um leið. Hér var ekki verið að flytja frístundaheimili eða félagsmiðstöðvar undir skólastjóra. Minnihlutinn í borgarstjórn var eindregið á móti tillögunum.

Í hverju frístundaheimili er starfandi forstöðumaður og í hverri félagsmiðstöð er starfandi annar forstöðumaður. Miðlæg stjórnun ÍTR sem tengdist þessum málum eða fjórir starfsmenn sem tengdist félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum var flutt á nýja sviðið.

Skóla- og frístundasvið tók til starfa í september 2011. Því er ætlað að veita börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðla að samfellu í öllu starfi sem hefur velferð barna að leiðarljósi.

Leiðarljós skóla- og frístundasviðs er að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og að þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Hlutverk sviðsins er að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið og að vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi. Á skóla- og frístundasviði er leikur, nám og frístund jafn mikilvæg og sérsvið og sérkenni hverrar hugmyndafræði fá að blómstra með áherslu á þverfaglegt samstarf. Þannig skapast tækifæri til fjölbreyttari menntunar- og frístundastarfs fyrir börn og ungmenni.

## Mat á stofnun skóla- og frístundasviðs

Í skýrslu um mat á því hvernig unnið var að stofnun sviðsins kemur fram að á „heildina litið uppfyllir aðdragandi og ákvörðunartaka um stofnun skóla- og frístundasvið og sameiningar skóla ekki mikilvægar kröfur sem gerðar eru til góðra stjórnarháttanna.“

Helstu ástæður voru:

- Baklandið, þ.e. pólitískt kjörnir fulltrúar, eru ekki samhuga um framkvæmd breytinganna, sem skapar ólgu meðal annarra hagsmunaaðila.
- Ekki var gerð greining á hagsmunaaðilum né áhættu í upphafi verkefnis.
- Ef framkvæma á slíkt verkefni í samráði við hagsmunaaðila þarf framtíðarsýnin, markmiðin og breytingarhugmyndin að vera skýrari og betur þroskuð heldur en lagt var af stað með í þessu verkefni, án þess er erfitt að kveikja eldmóð hjá samráðsaðilum til að standa að breytingunum.
- Ekki var gert ráð fyrir allri kostnaðaraukningu sem þurfti til að ná fram fyrirhuguðum samlegðarþáttum sameiningar er varðar búnað og aðstöðu.

**Margir þættir í ferlinu voru vel gerðir eins og:**

- Upplýsingaflæðið í verkefninu var almennt mjög opið.
- Umgjörð utan um stjórnun verkefnisins var skipulögð og lagðar voru til ýmsar leiðbeiningar í ferlinu til að stýra því í ákveðinn farveg.

## Viðhorf starfsmanna ÍTR

Starfsmenn, sem áður voru hjá ÍTR en fluttu yfir til SFS, sem rætt var við segja að markmiðið með yfirfærslunni hafi að hluta verið óljóst utan þess að stefnt var að fjárhagslegum sparnaði. Því hafi verið erfitt að mæla árangur auk þess sem hinn fjárhagslegi ávinningur kemur sjaldnast strax í ljós. Sameiningarverkefni eru langtímaverkefni, því ábati þeirra kemur yfirleitt ekki fram fyrr en 2-3 árum eftir sameiningar. Til að ná fram samlegðarhagræðingu þarf oftast að leggja í aukakostnað í upphafi.

Þeir segja að markmiðið hafa jafnvel verið að skapa betra og heildstætt skólaumhverfi fyrir börnin s.s. með því að stækka unglíngadeildir og auka við valmöguleika nemenda. Talsvert hafði verið kvartað yfir húsnæðismálum frístundaheimila og menn töldu að við sameiningu myndi húsnæðismál verða leyst innanhúss á nýju sviði og að stjórnámálemenn fengju frið frá því. Hins vegar hafa húsnæðismál lítið batnað þrátt fyrir sameininguna.

Við sameininguna tóku fyrrum starfsmenn ÍTR þátt í allskonar samráðshópum og fóru að vinna með öðrum á skrifstofu SFS. Skilningur á milli málaflokka; grunnskóla, leikskóla og frístundahlutans jókst. Allir málaflokkar voru að gera margt jákvætt fyrir börnin og til samans getur þjónustan orðið enn betri. Enn eru þau að uppgötva styrkleika hvors annars enda samstarfið ekki gamalt. Þau segjast vera hætta að hugsa um barnið í boxum eins og málaflokkar hugsi oft en í stað þess sé hugsað heildstætt um barnið og þjónustu við það.

Starfsmenn ÍTR sem voru fjórir þurftu að taka þátt í allskonar samstarfs- og samráðshópum á hinu nýja sviði SFS en þar var óskað eftir því að þau tæki þátt í 54 starfshópum. Því fór megnið af starfsorkunni í þessa teymisvinnu þar sem starfsmenn samsama sig vel við leikskóla s.s. vegna þess að þar fer fram óformlegt nám eins og í frístundastarfinu.

Aukið aðgengi starfsmanna frístundaþjónustu varð að tölfræði- og rannsóknarþjónustu SFS, en mikil þekking var um slíkt á SFS. Þeir sem sinna rannsóknarþjónustunni hafa haft áhuga á málefnum frítímans og lagt mikið lið við þróun matslista. Gæðaviðmið er í vinnslu sem er 31 bls. sem lýsir viðmiðum um hvernig fyrirmýndar-frístundastarf á að vera. Hinsvegar breyttist ekki aðgengi að annarri stoðþjónustu s.s. sálfræðingum og sérkennsluráðgjöfum svo mikið því að hún er ekki vistuð á SFS heldur í þjónustumiðstöðvum sem eru stoðþjónusta viðkomandi hverfis.

Gagnvart starfsmönnum á starfsstöðunum hefur ekkert breyst, starfsmaður í skóla er enn að vinna í skóla og finnur svo sem ekkert fyrir breytingu frekar en starfsmaður í frístundaheimili. Sama gildir í raun með foreldra og börnin sjálf, þau fundu ekki fyrir breytingum við sameininguna, þjónustan breyttist lítið og enn er jafn mikil ánægja með þjónustu frístundaheimila og áður. Aukið starf fyrir 3. og 4. bekk varð ekki til við sameininguna heldur var það ákall samfélagsins um aukna þjónustu sem olli því að farið var af stað með sérstaka safnfrístund fyrir þann aldur. Hins vegar varð til nýr samstarfsvettvangur stjórnenda í hverfunum þar sem skólastjórar, leikskólastjórar og forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva hittast og fjalla um sameiginleg mál einu sinni í mánuði.

Starfsmenn sem rætt var við telja að sameiningin hafi ekki bitnað á faglegu sjálfstæði frístundageirans. Frístundastarfið ætti frekar að hafa styrkst og orðið markvissara og sýnilegra. Árangur og faglegt starf veltur frekar á stjórnendum og hvernig þeir hugsa en á því hvort þessi sameining varð eða ekki.

Varðandi hvað hefði mátt gera betur varðandi yfirfærsluna nefna þau að utanaðkomandi stuðningur hafi verið af skornum skammti og og takmörkuð þekking innleiðingaraðila var á starfsemi ÍTR. Þau voru fæst á nýja vinnustaðnum og með minnsta málaflokkinn. Þau misstu gamla vinnustaðinn, gömlu vinnufélagana og þurftu að skapa sér olnbogaráymi.

Í nokkrum skólum skapaðist nýtt starfsumhverfi þar sem frístundastarf yngstu barnaanna blandast skóladeginum beint og börnin upplifa samfellu í sínum starfsdegi. Hér er um spennandi

Þróunarverkefni að ræða og virðist sem að hér sé um afar barn og fjölskylduvæna lausn sé að ræða. Reyndar er erfitt að innheimta sérstakt gjald fyrir frístundaþjónustu þar sem skóladegi og frístundastarfi er blandað saman.

## Kostir og gallar

Kostir	Gallar
Hagræðing í stjórnunarkostnaði	Yfirfærslan hafði ekki fyrirfram augljósan og óumdeilanlegan ávinning
Sum stoðþjónusta öflugri	Starfsmenn ÍTR á skrifstofu SFS eru ekki í sömu vinnu og þeir réðu sig í upphaflega
Gögn sem koma frá málaflokknum eru mun vandaðri en áður	Markmið yfirfærslunnar verða að vera sem flestum ljós
Stjórnun á einni hendi gagnvart börnunum	Dulinn kostnaður er bakvið allar svona stærri breytingar
Verkefni og upplýsingar hríslast um allar stofnanir SFS	Samstarf um nýtingu húsnæðis grunnskólana undir frístundastarf batnaði lítið við sameininguna
Aðgangur að tölfraði- og rannsóknarþjónustu jókst	Það hefði átt að liggja skýrar fyrir hvernig meta ætti árangur sameiningarinnar
Á nokkrum stöðum skapaðist nýtt starfsumhverfi þar sem frístundastarf yngstu barnaanna blandast skóladeginum beint	Markmið breytinganna voru fjárhagsleg í upphafi
Auðveldar að tryggja lágmarksviðmið þjónustunnar s.s. með sameiginlegri vinnu, skjölum og verkferlum	Mat á raunverulegum afrakstri sameiningarinnar liggur ekki enn fyrir
Skilningur milli málaflokka; leikskóla, grunnskóla og frístundar jókst	Skólamálin kaffæra frístundamálum sökum þess hve skólamál eru stór
Börn, foreldrar og venjulegir starfsmenn fundu ekki fyrir breytingum (þ.e. stofnun SFS, en fundu fyrir sameiningum skóla, leikskóla og frístundaheimila)	Starfsmenn upplifa neikvæða þætti eins og lítið samráð, búið að ákveða allt fyrirfram og að það fái ekki að taka þátt í breytingarferlinu
Tækifæri á að skerpa á samvinnu	

## Mat á stuðningsþörf barna með sérþarfir í Reykjavík og Hafnarfirði

Reykjavík	Hafnarfjörður
Skráning barna hefst í lok febrúar	Skráning barna hefst í maí
Forstöðumaður frístundaheimilis skilgreinir þjónustuþarfir í einstaklingsáætlun og metur hvort barn þarf t.d. stöðuga eftirfylgd, aðstoð við athafnir dagslegs lífs eða stuðning í útiveru miðað við fyrri reynslu eða gögn frá foreldrum hjá þeim börnum sem eru í 1.-3. bekk en situr skilafundi hjá nemendum sem eru að byrja í 1. bekk. Ráðgjafarþroskaþjálfari heldur fræðslu fyrir forstöðumenn áður en þessi vinna fer í gang.	
Ráðgjafarþroskaþjálfari metur stuðningsþörf og úthlutar stuðningi (miðlægt)	Verkefnastjóri á hverjum stað metur stuðningsþörf (oftast í samstarfi við skóla, ef barn er með stuðning í skóla fær það stuðning í frístund)
Stuðningsfulltrúar eru ráðnir, sum börn deila stuðningi, aðrir fá fullan stuðning	Stuðningsfulltrúar eru ráðnir, flestir í 50% störf til að sinna ákveðnu barni – sumir styðja fleiri börn
Ráðgjafarþroskaþjálfari fylgist með framvindu stuðnings og veitir starfsmönnum stuðning ef forstöðumaður óskar eftir því, s.s. ráðgjöf, mætir á starfsmannafundi eða gefur leiðbeiningar á staðnum.	Verkefnastjóri á hverjum stað fylgist með framvindu stuðnings og kallar eftir aðstoð ef illa gengur
Stuðningsþörf er endurmetin um áramót. Þarf barn á meiri stuðningi, minni stuðningi, er viðveran minni eða verður stuðningur áfram eins.	Stuðningsþörf er endurmetin ef foreldrar óska eftir breytingum á vistun, en stuðningsfulltrúi fer oftast að styðja við önnur börn ef vistun minnkar

Foreldrar kvitta upp á einstaklingsáætlanir og eru miðvitaðir um að barn fái stuðning. Neiti foreldri að skrifa undir fær barnið ekki stuðning og það er látið bjargast.

Foreldrar eru í flestum tilvikum meðvitaðir um að barn fái stuðning.

## Frístundaakstur

Akstur úr frístundaheimilum er í boði í öllum hverfum, niðurgreitt af borginni og er ekið innan hverfa í tómsundur barna s.s. íþróttir en foreldrar sækja síðan barnið í viðkomandi tómsundu. Hér er samið við íþróttafélög og greiðir borgin þeim samkvæmt samningi hluta af kostnaði við þennan akstur. Um er að ræða verkefni upp á um 10 milljónir á ári.

### Frístundaakstur

- Janúar 2010 samþykkt að í þeim tilfellum þar sem íþróttæfingar og æskulýðsstarf eru fyrir kl. 16:30 á daginn og starfið utan göngufæris fyrir börn á frístundaheimilum verði leitast við að gera íþróttafélagi kleift að flytja börnin á æfingar eða í starfið með svokölluðum frístundastrætó.
- Um er að ræða hverfisíþróttafélögin
- Um er að ræða aðra leiðina, foreldrar sækja börnin á æfinguna/í starfið.
- 3. og 4. bekkur ef tíminn hentar og pláss er í rútnni, annars séu þau þjálfuð í að taka strætó eða koma sér sjálf á æfingar á annan máta

## Frístundaakstur

- Samstarf ÍBR, ÍTR og SFS
- Útibú frístundaheimilanna í Frostaskjólí (KR), Víkinni (Víkingur) og í Austurbergi (ÍR)
- Aksturinn hefur leitt af sér aukna þátttöku, betra aðgengi, jafnari þátttöku milli íþróttagreina, aukna samfelli í degi barnanna og betri nýtingu á mannvirkjum.



## Samantekt

Markmið breytinga á að færa aðilum ávinning. Best er ef breytingar skili öllum aðilum ávinning. Við eigum stöðugt að bæta þjónustuna, tryggja öryggi barna og að þeim líði vel á frístundaheimilum, hafa foreldra ánægða og að þeir hafi vissu að vel sé hugsað um börnin þeirra og nýta fjármuni sveitarfélagsins á ábyrgan hátt og því vera stöðugt opin fyrir áherslubreytingum.

Nýja sviðið í Reykjavík hefur sannarlega skilað jákvæðum afrakstri og trúlega fór allskonar þróunarstarf í gang við yfirfærsluna. Uppeldistarf má ekki vera í kyrrstöðu því við viljum alltaf gera betur og þróa verkefnið áfram. Það er margt sem hægt er að læra af reynslunni í Reykjavík og yfirfæra á okkur í Hafnarfirði. En við verðum að hafa það leiðarljós að breytingar skili starfseminni og börnunum betri þjónustu.

Febrúar 2015

*Geir Bjarnason*

*Andri Ómarsson*

## Heimildir

Heimasíða skóla- og frístundasviðs, sjá nánar: <http://reykjavik.is/skrifstofaogsvið/skola-og-fristundasvið>

Samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar, september 2011:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_svida/Sam\\_-sk\\_la\\_fr\\_.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_svida/Sam_-sk_la_fr_.pdf)

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 14. jan. 2015. Kynning fyrir Hafnfirðinga á frístundahluta fagskrifstofu SFS

Tillaga um stofnun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, 2011. Sjá nánar:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_svida/Tillaga\\_SKF\\_loka.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_svida/Tillaga_SKF_loka.pdf)

Úttekt á aðdraganda stofnunar skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sameiningarferli skóla, október 2014. Sjá nánar: [http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/uttekt\\_-\\_addragandi\\_stofnunar\\_skola-\\_og\\_fristundasviðs\\_og\\_sameiningarferli\\_skola\\_-\\_januar\\_-\\_2015.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/uttekt_-_addragandi_stofnunar_skola-_og_fristundasviðs_og_sameiningarferli_skola_-_januar_-_2015.pdf)

Viðtöl við starfsmenn á skóla- og frístundasviði sem áður voru hjá ÍTR